

263. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 8. júlí 2015 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.


**Mættir:**

Kristjana Hermannsdóttir  
Björn H Hilmarsson  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæraritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Fundargerð 116. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 30. júní 2015.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Fundargerð 74. fundar stjórnar FSS, dags. 30. júní 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- 3) **Fundargerð aðalfundar byggðasamlags um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 30. júní 2015.**  
Lagt fram til kynningar.
- 4) **Umsókn Sigríðar M Vigfúsdóttur um leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags.**  
Í samræmi við. grein 4-a í reglum Snæfellsbæjar vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykkir bæjarráð umsóknina fyrir veturinn 2015/2016. Bent er á að samþykkið gildir einungis fyrir eitt ár og þarf að endurnýja hana fyrir hvert skólaár.
- 5) **Umsókn Páls Ingólfssonar um námsvist í grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags.**  
Í samræmi við. grein 4-a í reglum Snæfellsbæjar vegna nemenda leik- og grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykkir bæjarráð umsóknina fyrir veturinn 2015/2016. Bent er á að samþykkið gildir einungis fyrir eitt ár og þarf að endurnýja hana fyrir hvert skólaár.
- 6) **Bréf frá Hallveigu Hörn, dags. 26. júní 2015, varðandi úrsögn úr hafnarstjórn.**  
Bæjarráð þakkar Hallveigu Hörn setu hennar í hafnarstjórn og samþykkti samhljóða úrsögn hennar úr stjórninni. Nýr aðila í hafnarstjórn verður tilnefndur á næsta fundi.
- 7) **Bréf frá Erni Hjörleifssyni, dags. 3. júlí 2015, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna Sjóminjasafnsins í Sjómannagarðinum á Hellissandi.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu að upphæð kr. 500.000.-  
Liður 27-11, Ófyrirséð, verður lækkaður um sömu upphæð.
- 8) **Bréf frá leikskólastjóra, dags. 7. júlí 2015, varðandi ósk um aukafjárveitingu.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu að upphæð kr. 250.000.-  
Liður 27-11, Ófyrirséð, verður lækkaður um sömu upphæð.
- 9) **Áætlun Stykkishólmsbæjar um minnkun plasts.**  
Lagt fram til kynningar.
- 10) **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dags. 1. júlí 2015, varðandi útboðsferli fjarskiptasjóðs á ljósleiðaratengingu byggðakjarna.**  
Bæjarráð fagnar þessari ákvörðun Fjarskiptasjóðs að koma á ljósleiðaratengingu í Rif.
- 11) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri sagði frá framkvæmdum við bílastæði á Arnarstapa.
  - b) Bærarstjóri ræddi hitaveitumál á Lýsuhóli.
  - c) Bærarstjóri sagði frá vatnsmálum í Snæfellsbæ.  
Bærarstjóri sagði frá nýsamþykktum lögum um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. markmiðið með breytingunum er að lækka og jafna húshitunarkostnað á landinu og þarna á að

F.S.  



vera tryggð full jöfnun kostnaðar við flutning og dreifingu raforku til almennra notenda vegna hitunar íbúðarhúsnæðis í dreifbýli og þéttbýli, frá og með árinu 2016.


Bæjarráð Snæfellsbæjar fagnar þessum stóra áfanga.


- d) Bæjarstjóri gerði grein fyrir aðsókn að sundlaugum Snæfellsbæjar, í Ólafsvík og á Lýsuhóli, það sem af er sumars. Á Lýsuhóli hefur verið töluverð aukning og í Ólafsvík, á árinu 2014 komu 1258 manns í júní, en í júní í ár komu 3246. Það er aukning um 250%
- e) Rædd málefni slökkviliðsins.


**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:43**

  
Kristjana Hermannsdóttir

  
Björn H Hilmarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari